

Mættir : Ingibjörg Inga , Kristín K, Lilja Rannveig, Sigrún Rós, Snæbjörn, Margrét, Hanna, Narfi og Þórhildur Ýr. Tveir fulltrúar gátu ekki mætt, það voru Jóhanna og Fjóla.

1.-mál Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir . Margrét Guðmundsdóttir foreldrafulltrúi , Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir og Sigrún Rós Helgadóttir fulltrúar nemenda. Aðrir fulltrúar ráðsins sitja sitt annað ár, þeir eru kosnir til tveggja ára í senn.

Farið var yfir hlutverk skólaráðs fyrir nýja fulltrúa og einnig til að skerpa á því sem ætlast er til.

2.-mál Árs-og sjálfsmatsskýrsla GBF kynnt. Fulltrúum bent á að skýrslurnar eru vistaðar á vef skólans undir linknum útgefið efni, þar er hægt að lesa þær og kynna sér niðurstöður úr sjálfsmati og umbótaáætlanir, ásamt því að sjá hvaða áherslur hafa verið lagðar og hvað gert í skólanum á sl. ári.

3.-mál Starfsáætlun skólaráðs . Ingibjörg hafði gert drög að starfsáætlun ráðsins fyrir skólaárið 2011-2012. Farið var vel yfir hana og ákveðið að vinna eftir henni.

3.-mál Breytingar á sérfræðiþjónustu skólans.

Ingibjörg gerði grein fyrir upplýsingum frá Ásthildi Magnúsdóttur fræðslustjóra um breytingar á sérfræðiþjónustu við skólann. Stöðuhlutfall skólasálfræðings hefur verið hækkað í 80%, Ásgerður Ólafsdóttir hefur verið ráðin til áramóta í 40 % stöðuhlutfall kennsluráðgjafa og ákveðið hefur verið að ráða náms-og starfsráðgjafa aftur til starfa í Grunnskólum Borgarbyggðar, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um stöðuhlutfall hans. Skólaráðsfulltrúar fagna því að aukið sé við sérfræðiþjónustu skólans eftir erfiðan niðurskurðartíma.

Önnur mál

- Ingibjörg bað fulltrúa að lýsa í stuttu máli hvernig þeim fyndist skólastarfið fara af stað.

Almennt eru allir fulltrúar ánægðir og hafa góða tilfinningu fyrir skólastarfinu.

Lilju Rannveigu nemendafulltrúa finnst að það eigi að leggja meiri áherslu á lífsleiknikennslu í unglingsdeild.

Sigrún nemendafulltrúi mjög ánægð með breytta kennsluhætti í enskukennslu og finnst að það megi yfirfæra á fleiri námsgreinar. Þær vildu einnig koma því á framfæri að þær væru mjög ánægðar með kynjaskipta íþróttatíma.

- Þórhildur Ýr bar fram spurningu um skólabókasöfnin, hvernig þau eru nýtt í þágu nemenda. Hún ræddi um millisafnalán og fl. sem gæti ýtt undir fjölbreyttari útlán bóka með það að markmiði að auka frjálstan lestur nemenda.

Hún ræddi einnig um mikilvægi þess að unglingar kynnu að nýta sér leit í Gegni því framhaldskólarnir gerðu kröfur til þeirrar kunnáttu í heimildarleit.

- Staða bókasafnsvarða í skólunum rædd í framhaldi. Niðurskurður á stöðuhlutfalli þeirra bitnar á starfsemi tengdri söfnunum í skólanum. Rætt um að senda erindi til fræðslustjóra fyrir fjárhagsáætlunargerð næsta árs þar sem vakin verði athygli á mikilvægi skólabókasafna í skólastarfinu.
- Ingibjörg gerði grein fyrir lestrarstundum sem eru í hádeginu í bókasafninu á KLR. Verkefni sem var byrjað á í fyrra vor sem tilraun. Þetta hefur mælst einkar vel fyrir . Hanna kennarafulltrúi K-deildar taldi þetta vera gríðarlega mikilvægt sem hvíld fyrir nemendur ásamt því að auka færni þeirra í virkri hlustun.

Fleira ekki fyrir tekið.